

3. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2019-2020 haldinn föstudaginn 24. janúar 2020 kl. 8:15

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Þórgunnur Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmsdóttir og Tinna Arnardóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsfólks, Elín Heiður Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Auður Árnadóttir og Vigfús Þór Helgason fulltrúar nemenda og Áslaug Einarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

Fundur var settur af Krístrúnu. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

- Ástand skólahúsnæðisins (sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda)
- Fundur með stjórn nemendafélags/nemendaráðs
- Önnur mál

Ástand skólahúsnæðisins (sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda)

Sagt frá viðgerðum á húsnæði sérdeildar og Regnbogalands sem er að ljúka. Einnig rætt um að allt starfsfólk sé komið með nafnspjöld og í framhaldinu sagt frá Chromebook tölvum sem komnar eru í notkun á unglíngastigi.

Fundur með stjórn nemendafélags/nemendaráðs

Fulltrúar nemenda sem mættu á fundinn voru: Auður Árnadóttir, Alex Þór Júlíusson, Aþena Ásta Ástþórsdóttir og Margrét Ósk Syen. Fundarmenn tóku umræðu með fulltrúum nemendaráðs um neðangreind atriði.

- Skólinn
 - Fulltrúar sögðust vera mjög ánægðir með skólann og þeim liði vel.
- Félagsstörf
 - Sagt var frá góðgerðarviku og að ætlunin væri að styrkja Hróa Hött – barnavinafélag. Verið er að skipuleggja happdrætti, ball og kaffihúsakvöld. Dagskrá verður auglýst nánar í fréttabréfi sem fer til foreldra.
- Chromebook
 - Ánægja með Chromebook tölvur og sagðar góð viðbót við námið.
- Kynfræðsluverkefnið
 - Fulltrúar lögðu til að skólinn myndi uppfæra fræðslumyndir um efnið. Fyrirspurn kom frá Elínu Heiði um hvort verið sé að tengja foreldrasamfélagið inn í kynfræðsluverkefnið. Vantar ef til vill að foreldrar viti hvað krakkarnir sjá mikið og vita í raun mikið. Miklar breytingar hafa orðið í umræðunni.
- Umhverfismál
 - Eru nokkuð upplýst og segjast vita hvað er að gerast í samfélaginu t.d. um loftslagsmál og plastnotkun. Fulltrúum fannst vanta meiri fræðslu um umhverfismál og lögðu til að frekar væru gerð skemmtilegt verkefni í tengslum við þau heldur en bókavinna.

- Heilsuefling
 - Rætt um mikilvægi vinnahópa í tengslum við heilsueflingu og að samsetning vinnahópa hafi áhrif á hvað vinirnir gera.
- Samskipti
 - Samskipti mikið á samskiptamiðlum, Snapchat, Myspace og TikTok nefnd. Krökkunum finnst samskipti almennt góð þar.
- Líðan
 - Upplifunin sú að líðan skólafélaga sé almennt góð.

Önnur mál

Fulltrúar í nemendaráði ræddu um að almennt vildu nemendur meiri verkefnavinnu – hópavinnu. Þeim finnst að nemendur læri oft meira á verkefnavinnu en að vinna í bókum. Uppástunga kom um að hafa ávexti oftari með hafragrautnum á morgnana.

Fundi slitið kl. 9:30
Þórgunnur Stefánsdóttir